

Mátis ohf.
Elísabet Eik Guðmundsdóttir
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Haukadalur, 14. mars 2017
UST201703-068/L.K.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Geysissvæðið

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Elísabetar Eikar Guðmundsdóttur, fyrir hönd Mátis ohf., dags. 8. mars 2017, um leyfi til rannsókna á Geysissvæðinu, á tímabilinu 16. - 31. mars 2017 í einn eða tvo daga.

Umhverfisstofnun fer með umsjón landsvæðis ríkisins á Geysissvæðinu.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt um leyfi til að sækja hveravatn í 11 hveri á Geysissvæðinu til rannsókna á hitapolnum veirum og ensímum í erfðamengjum þeirra. Sýnataka er vegna Evrópuverkefnisins H2020 Virus-X (1.4.2016 -31.3.2020) en sýni voru sótt í þessa sömu hver og fleiri árið 2016 vegna sama verkefnis. Gögn liggja fyrir vegna fyrri rannsókna á svæðinu vegna verkefnis Pan-Thermus sem styrkt var af Rannsóknasjóð Rannís (styrknúmer 090251021, styrkár 2009). Raðgreining á 16S rRNA genum einangruðum úr fyrri sýnum gaf yfirsýn yfir bakteríuflóru hveranna en markmið þeirrar sýnatöku sem nú er fyrirætluð er að rannsaka valda hver í nánar með tilliti til veiruflóru, með smásjárskoðun og "flow cytometry".

Áætlað er að sýnataka fari fram í mars 2017 og verði tilgreind í árlegri skýrslu til Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt öllum þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt reglugerð og eftirlitssamingi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Sóttir verða u.þ.b. 2L af hverju sýni og ekki gert fyrir neinu raski á umhverfi af völdum sýnatökkunnar.

Glutaraldehyd verður notað til að varðveita veiruvagnir í hluta af sýnunum. Glutaraldehyd að lokastyrk 0,5% verður bætt út í ca. 10mL af hverju sýni og þau fryst með fljótandi köfnunarefni.

Sýni verða sótt fótgangandi og sótt í hverni með ausu. Staðsetning hveranna kallar á að starfsmenn fari út fyrir göngustíga. Ekki er gert ráð fyrir að rask verði á umhverfi. 2-4 starfsmenn Mátis koma að sýnatökunni.


Áhrifamat:

Umhverfisstofnun hefur metið það svo að sýnataka komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á svæðið.

Skilyrði

Umhverfisstofnun gefur fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir frá 16. - 31. mars 2017 og skal leyfishafi hafa samband við Umhverfisstofnun áður en sýnatökur hefjast.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir standa yfir á svæðinu.
- Sýnataka skal takmarkast við ofangerða lýsingu og öll frávik frá framkvæmdinni eins og henni er lýst hér að ofan skulu vera tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
- Óheimilt er að raska jarðmyndunum á svæðinu og brjóta hverahrúður.
- Öryggisins vegna eru starfsmenn Mátis beðnir um að vera vel merktir, helst í áberandi vinnufatnaði, til að koma í veg fyrir að ferðamenn á svæðinu fylgi þeirra fordæmi og gangi utan öryggisgirðingar.


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Lárus Kjartansson
Sérfræðingur